

**Nd.**

**540. Nefndarálit**

[129. mál]

um frv. til l. um kaupstaðarréttindi til handa Bolungarvíkurkaupþúni.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum og sent það til umsagnar dómsmálaráðuneytisins og réttarfarsnefndar.

Fyrir nefndinni lágu einnig frv. um kaupstaðarréttindi fyrir Dalvíkurhrepp og Seltjarnarneshrepp, og fyrir félagsmálanefnd efri deildar auk þess frv. um kaupstaðarréttindi til handa Eskifjarðarhreppi og Grindavíkurhreppi.

Urðu menn fljótlega sammála um, að nokkuð viðrhlutamikið væri að stofna til nýrra bæjarfógetaembætta við stofnun kaupstaða í öllum þessum sveitarfélögum og fleiri, sem vafalaust mundu þá á eftir koma.

Í sömu átt hnigu einnig álitserðir dómsmálaráðuneytis og réttarfarsnefndar.

Að öllu þessu athuguðu og einnig að höfðu samráði við félagsmálanefnd efri deildar um afgreiðslu þeirra kaupstaðarréttindamála, sem þar voru, lagði nefndin til, að frumvarp þetta yrði samþykkt með svo hljóðandi

**BREYTINGUM:**

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:  
Lögreglustjórinn í Bolungarvík verður bæjarfógeti í Bolungarvíkurkaupstað. Hann hefur á hendi sömu störf og öðrum bæjarfógetum eru falin í umdæmum sínum og með þeim kjörum, sem þeim eru ákveðin.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:  
Dómsmálaráðherra skipar fyrir um, hvernig málum þeim við embætti sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, sem varða hagsmuni í Hólshreppi og ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetans í Bolungarvíkurkaupstað.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:  
Lög þessi öðlast þegar gildi, en jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 14 25. janúar 1934.

Alþingi, 18. mars 1974.

Hannibal Valdimarsson,  
form., frsm.

Garðar Sigurðsson,  
fundaskr.

Stefán Valgeirsson.

Gylfi Þ. Gíslason.

Ólafur G. Einarsson.  
Gunnar Thoroddsen.

Ágúst Þorvaldsson.